

Nd.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingvar Gíslason, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Björn Pálsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega eigi vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).

2. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Vaxtakjör og lánstími á lánum breytast og verða hin sömu og á árinu 1959 hjá eftirfarandi aðilum: Fiskveiðasjóði Íslands, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins (sams konar lán og veitt voru úr Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands), Byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), Byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

2.—4. málsgr. 11. gr. laga nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands, falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samtímis koma í gildi lög nr. 73 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75 1952, um breyt. á þeim lögum.

Greinargerð.

Einn þáttur stjórnarstefnunnar síðan 1960 er innlokun sparifjár í Seðlabankanum og gifurleg hækkun vaxta. Jafnframt hafa lán úr Seðlabankanum út á afurðir verið minnkuð mikið.

Frysta spariféð í Seðlabankanum, sem haldið hefur verið frá umferð, nam 428 milljónum króna 1. ágúst og nálgast því 500 milljónir. En auk þess eru afurðalánin stórkostlega dregin saman.

Allt þetta fjármagn er dregið úr þeirri umferð, sem það ella væri í, jafnhliða því sem dýrtíðin hefur verið mögnuð með endurteknum gengislækkunum og nýjum stórfelldum tollaálögum. Fer því þó fjarri, að öll áhrif síðari gengislækkunarinnar (1961) á vöxt dýrtíðarinnar séu komin fram.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar að magna dýrtíðina og draga jafnframt inn sparifé til frystingar, jafnhliða því sem afurðalán eru minnkuð, veldur almenningi ófyrirsynju stórfelldum erfiðleikum við nauðsynlega uppbyggingu og atvinnurekstur. Hafa þessar ráðstafanir alveg tvímælalaust haft áhrif í þá átt að draga úr framleiðslu frá því, sem ella hefði orðið, og ráðstöfunum til uppbyggingar og aukinnar framleiðni.

Stórfelldar nýjar ráðstafanir til uppbyggingar og aukinnar framleiðslu og framleiðni eru nú helzta leiðin til lausnar á þeim erfiðleikum, sem dýrtíðar- og kjarskerðingarstefna ríkisstjórnarinnar hefur bakið öllum almenningi.

Verður þá að hverfa frá þeirri stefnu að leggja spariféð dautt í bankakerfið og taka það úr umferð, en snúa aftur inn á þá braut, sem bezt hefur gefizt: að hafa það fjármagn í eðlilegri umferð, sem í landinu myndast. Mun það þá sýna sig sem fyrr, hverju atorkumikið ráðdeildarfólk fær áorkað, ef því er trúað fyrir peningum.

Enn fremur ber brýna nauðsyn til að hverfa frá vaxtaokrinu á rekstrarlánnum og taka upp aftur lægri vexti á stofnlánnum til uppbyggingar á vegum almennings.

Gera verður ráðstafanir til að styðja einstaklingsframtak og félagsframtak hinna mörgu, sem vilja bjarga sér og vera efnalega sjálfstæðir, — nota í því skyni hiklaust það fjármagn, sem myndast í landinu. Það verður að snúa við og taka á ný að styðja uppbyggingu einstaklinga, almannafélaga og byggðarlaga með framkvæmd eðlilegrar og heilbrigðrar lána- og vaxtastefnu, í stað þess að leggja stein í götu þessara aðila, eins og nú er gert, m. a. með innlokun sparifjár og vaxtaokri, og jafnvel skattheimtu frá atvinnuvegunum í lán handa þeim sjálfum.

Þyrfti að gera ráðstafanir til að beina eðlilegum hluta af sparifjáraukningunni í landinu til stuðnings þeim framkvæmdum og þeirri uppbyggingu, sem mestu máli skiptir, — og ættu þær að koma í staðinn fyrir innlokun og frystingu sparifjárins, sem nú er framkvæmd.

Yrði þetta frumvarp samþykkt, mundi það knýja fram stefnubreytingu í lána- og vaxtamálum Efni þess er:

1. Að færa vextina í það horf, sem þeir voru, áður en efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru gerðar.

2. Að hætt verði að draga sparifé landsmanna til frystingar inn í Seðlabankann út úr sparisjóðunum, innlánsdeildum kaupfélaganna og viðskiptabönkunum. Þessi aðferð er nú notuð til að þrengja að einstaklingum og atvinnufyrirtækjum með tilbúnum lánsfjáarskortum, sem byggist á því að frysta hluta af sparifjárukningu landsmanna. Jafnframt því lætur ríkisstjórnin Seðlabankann lána miklu minna en áður út á verðmæti landbúnaðar- og sjávarafurða. Hefur þetta gengið svo langt, að Seðlabankinn er látinn lána sömu krónutölu út á sjávar- og landbúnaðarafurðir og áður þrátt fyrir verðhækkunirnar, og þar að auki er bannað að lána hærri heildarfjárhæð út á landbúnaðarafurðir en áður, þótt framleiðslan aukist.

Til þess að koma í veg fyrir, að viðskiptabankar, sparisjóðir og kaupfélög geti greitt úr fyrir mönnum, er þess krafizt, að þessar stofnanir skili til frystingar í Seðlabankanum verulegum hluta af öllum nýjum spariinnlögum og innlögum í innlánsdeildir. Þannig er sparifé landsmanna tekið úr umferð til að þrengja að lánveitingum.

Þegar ríkisstjórnin bætti vaxtahækkuninni ofan á gengislækkunina, nýju tollana og lánasamdráttinn, varð að afnema þýðingarmestu ákvæði okurlaganna til þess að koma vaxtahækkuninni í framkvæmd.

Þá voru einnig afnumin vaxtaákvæði allra þeirra lagabálka, sem upp höfðu verið byggðir um stofnlán til sjávarútvegs, landbúnaðar og til íbúðabygginga.

Nú er fram komið, svo að ekki verður um villzt, að engin framleiðsla né atvinnurekstur á Íslandi getur risið undir þessum okurvöxtum, hvað þá almenningur, sem þarf á lánsfé að halda til íbúðabygginga, framleiðslutækja og annarra brýnustu nauðsynja.

Að dómi þeirra, sem þetta frumvarp flytja, ber því að nema nú þegar úr

gildi þau lagaákvæði, sem sett voru til þess að innleiða vaxtaokrið, og einnig þau ákvæði seðlabankalaganna, sem misnotuð hafa verið til þess að draga hluta af öllum nýjum sparifjárinnlögum landsmanna inn í Seðlabankann og taka féð þannig úr umferð, á sama tíma og fjöldi einstaklinga er að missa alla fótfestu við atvinnurekstur og lífsnauðsynlegustu framkvæmdir, m. a. vegna vaxtakostnaðar og tilbúins lánsfjárskorts.

Verði frumvarpið samþykkt, gerist þetta m. a.:

1. Útlánsvextir fara niður í 8% hæst, eins og þeir voru.
2. Vextir af afurðavíxlum færast niður í 5—5½% úr 7—8½%.
3. Vextir og lánstími stofnlánasjóða landbúnaðarins (ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs), fiskveiðisjóðs, byggingarsjóðs fyrir kaптún og kaupstaði, raforkusjóðs og byggingarsjóðs verkamanna verða eins og áður.
4. Ríkisstjórnin verður að hætta að láta frysta í Seðlabankanum hluta af spari-fjárukningunni, og útlánamöguleikar aukast að sama skapi.